

SKÝRINGAR

- Lóðamörk/Skipulagsmörk
- Byggingarreitur
- Fyrirhugaðar byggingar
- Bílastæði
- Rotþró

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR
Mkv. 1:3000 á A3

ASK 2004-2016 Ekki í kvarða ASK í vinnslu Ekki í kvarða
Yfirlitsmyndir úr aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps

GREINARGERÐ

Deiliskipulag þetta tekur til landskikans Hlemmiskeiðs 2F L227089 sem fær heitið - Hraunsnef - úr landi Hlemmiskeiðs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Landskikinn er 11.3 hektarar að stærð og liggur vestan Skeiða- og Hrunamannavegar, norðan við Hlemmiskeið, og vestur af þéttbýlinu í Brautarholti. Aðkoma að svæðinu er af Skeiða- og Hrunamannavegi nr. 30 og um land Hlemmiskeiðs. Ekkert ræktað land er innan skikans.

Aðliggjandi er land Húsatófta að norðaustanverðu en land Hlemmiskeiðs annars.

Landið er þýft og standa hraunhólar upp úr þýfinu vestan byggingareits. Hæð yfir sjávarmáli er upp. 26 metrar og rís hæst við Grautarvörðu. Grunnir pollar sem þoma upp í þurrkum eru syðst í landinu. Byggingareit er valinn staður þar sem ekki kemur til þess að raska þurfi ósnortnu hrauni eða votlendi.

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins (2004-2016) er landið skilgreint sem landbúnaðarland. Einnig í óstaðfestu aðalskipulagi (2017-2029) sem er í vinnslu.

SKILMÁLAR

Innan marka deiliskipulagsins er heimilt að byggja upp lögbýlið Hraunsnef. Heimilt er að byggja upp bæjartorfu þar sem fyrst og fremst skal gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni. Afmarkaður er byggingareitur bæjartorfunnar og er staðsetning húsa, bílastæða og fráveitu sýnd til skýringa en er ekki bindandi.

Byggingarreitur bæjartorfunnar er 41.680 m² að stærð og er afmarkaður með hnitum á uppdrætti. Fjarlægð að lóðamörkum er hvergi minni en 10m. Heimilt er að byggja 800 m² íbúðarhúsnæði (þrjú hús) og 4400 m² húsnæði tengt búrekstri. Þar er m.a. um að ræða 500m² gripahús, 1000m² reiðhöll og 1000m² fjölnota skemmu/gripahús. Uppbygging mannvirkja sætir ekki frekari skilmálum en þeim sem gilda um landbúnaðarland í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Heildarbyggingarmagn samtals 5.200 m².

Mænishæð bygginga skal ekki yfirstíga 10.0m frá óhreyfðu landi, mænisstefna, þakhalli, form og gerð húsa eru gefin frjáls. Landið skal vera afgirt.

Við gerð lóðablaða fyrir íbúðarhúsalóðir skal skilgreina staðföng í samráði við eigendur að Hlemmiskeiði 2B og skipulagsráðgjafa sveitarfélagsins.

VEITUR: Lögbýlið tengist vatnsveitu og hitaveitu sveitarfélagsins í Brautarholti. Tenging við rafmagn er við veitukerfi Rarik/Landsnet. Frárennsli skal leitt í rotþró og gengið frá því samkvæmt reglugerð um fráveitur nr. 798/1999.

ÞJÓNUSTA: Þjónusta slökkviliðs er frá Brunavörnum Árnessýslu. Tæming rotþróa, snjómokstur, skólaakstur og sorphirða er á vegum sveitarfélagsins skv. reglum hverju sinni.

FORNMINJAR: Engar fornleifar hafa verið skráðar innan skipulagssvæðisins. Ekki er heimilt að hrófla við minjum sem kunna að koma í ljós nema í samráði við minjavörð Suðurlands.


UMSAGNARADILAR : Vegagerð - Minjastofnun - Heilbrigðiseftirlit

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá _____ til _____
var samþykkt í sveitastjórn þann _____



Samþykkt deiliskipulag var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____



AFSTÖÐUMYND Ekki í kvarða

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR

HRAUNSNÉF DEILISKIPULAG

20.03.2019 Mælikvarði 1:3000 á A3

SIGURÐUR U. SIGURÐSSON 290772-4279